

Umhverfisstofnun  
Áb. SF  
04 MARS 2008  
54.22  
Tilv. UST20080100048

Reykjanesbær  
Sveinn Númi Vilhjálmsson  
Tjarnargötu 12  
230 Keflavík



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24  
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000  
Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is  
www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 3. mars 2008  
Tilvísun: UST20080100048/sf

### Breyting á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015, stofnanasvæði við Norðurfitjar

Visað er til erindis Reykjanesbæjar, dags. 15. febrúar sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015. Tillagan hefur tekið breytingum frá því að Umhverfisstofnun gaf umsögn um aðalskipulagsbreytinguna með bréfi dags. 25. janúar sl. Stofnanasvæði hefur verið dregið frá ströndinni og opið svæði er stækkað um 2,4 ha.


Í greinargerð með skipulagstillögunni segir m.a.:


„Skipulagið nær ekki inn á Fitjar við Njarðvík heldur aðeins að þeim. Skipting á svæðinu hefur verið í gegnum tíðina með mön sem liggur á milli Fitja- og Iðnaðarsvæðis. Öðru megin er iðnaðarsvæði sem í dag er raskað að mestu og hefur verið notað sem jarðvegstíppur til fjölda ára en hinum megin eru Fitjarnar....”

Afmörkun stofnanasvæðis miðast að sunnanverðu við það svæði sem nú þegar hefur verið raskað. Þá hefur verið komið til móts við þá athugasemd Umhverfisstofnunar að afmarka eigi opið svæði meðfram ströndinni til að tryggja aðgengi almennings að henni, enda hafi strandsvæði almennt mikið útivistargildi.

Umhverfisstofnun gerir því ekki frekari athugasemdir við skipulagstillöguna. Stofnunin leggur þó áherslu á mikilvægi þess að við gerð deiliskipulags fyrir svæðið verði m.a. hugað að því að styrkja möguleika til útivistar, s.s. með göngustígatengingum við Njarðvíkurfitjar og fræðslu um fuglalíf svæðisins, sbr. ábendingar í umsögn Umhverfisstofnunar frá 25. janúar sl.

Virðingarfyllt

  
Sigrún Friðriksdóttir



Hjalti J. Guðmundsson  
sviðsstjóri

Afrit: Skipulagsstofnun.